

Kópavogi, 20. apríl 2009.

Minnisblað um starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar vegna fundar í
Félagsmálaráðuneyti 21. mars 2009.

Þau rúmlega 20 ár sem Greiningarstöð hefur starfað hefur gætt sívaxandi ásóknar í þjónustu hennar (mynd 1). Aukning þessi hefur að hluta til komið í bylgjum. Þannig fjölgaði tilvísunum verulega árið 1997 og síðan árin upp úr 2003. Hið sama virðist vera að gerast árin 2008 og 2009, en tilvísanir fyrra árið voru 344. Fyrstu mánuðir 2009 benda til að þessi aukning sé viðvarandi.

Þessari fjölgun skjólstæðinga hefur verið mætt í samvinnu við ráðuneytið með sérstöku átaki. Árið 2003 var ákveðið að auka mannafla stofnunarinnar um rúmlega 11 stöðugildi á fimm ára tímabili til að auka afköst. Þá var haustið 2007 lagt upp í sérstakt tveggja ára átak til að sinna þeim 250 börnum sem þá höfðu beðið óhófslega lengi og var veitt til þess alls 145 milljónum. Var stefnt að því að í lok verkefnisins á haustmisseri 2009 yrði stafsemin komin í jafnvægi, þannig að biðtími yrði ásættanlegur. Þetta átak hefur skilað þeim árangri sem að var stefnt fyrir þann hóp (sbr. fylgiskjal).

Ástæður þessarar sífelldu aukningar eru ýmsar, en fyrst og fremst er þetta vegna vaxandi þekkingar á þörfum barna með þroskafrávik og kröfu um markvissar aðgerðir. Fyrsta bylgjan kom í kjölfar skipulagsbreytinga vegna vanda grunnskólabarna og næsta bylgja vegna betri tækja til frumgreiningar. Núverandi bylgja skýrist að mestu af auknum tilvísunum frá sérfræðiþjónustu sveitarfélaga vegna barna með röskun á einhverfurófi og eðlilega greind (myndir 4 og 5).

Allar tilvísanir eru metnar af inntökuteymi stofnunarinnar. Nær alltaf er um mjög vel undirbyggðar tilvísanir að ræða og ljóst að þetta eru allt börn sem eru í þörf fyrir aðstoð til að þeim farnist betur. Því er ekki hægt að vísa þeim frá, nema hægt sé að vísa til annarra úrræða til að mæta þörfum hvers barns. Í þessu sambandi hafa stjórnendur Greiningarstöðvar reynt að meta hvað væri eðlilegt umfang stofnunarinnar sem landsstofnunar. Miðað við faraldsfræði fatlana er niðurstaðan sú að það sé óeðlilegt að nær 5% barna þurfi að sækja þjónustu til sérhæfðrar stofnunar á þriðja þjónustustigi. Eðlilegra hlutfall væri um 3.5 % af hverjum aldursárgangi (sjá fylgiskjal). Til þess að svo megi verða þarf að styrkja greiningar- og ráðgjafarúrræði utan Greiningarstöðvar og þá helst í nærumhverfi barnsins.

Til að mæta núverandi vanda án þess að ganga á rétt barnanna til þjónustu telja stjórnendur stofnunarinnar eftirfarandi ráðstafanir vænlegar:

- Átaksverkefnið verði framlengt um eitt ár og unnið eftir sama líkani.
- Ráðgjafarþjónustur sveitarfélaga verði styrktar þannig að þeim sé gert kleift að ljúka greiningu umtalsverðs hluta þeirra barna sem nú er vísað á Greiningarstöð. Miðað verði við að slíkt væri orðið að veruleika þegar málefni fatlaðra flytjast til sveitarfélaga árið 2011.
- Á Greiningarstöð verði komið á starfshópi ("flökkuteymi") til að styrkja faglega vinnu sérfræðinga sveitarfélaga á þessu sviði.
- Greining stofnunar á þriðja þjónustustigi sé ekki notuð sem forsenda fyrir stýringu á fjármagni og þjónustu, en miðað við þarfir hvers barns og hópsins í heild.

Stefán J. Hreiðarsson, forstöðumaður.